

2. júlí 1976.

485

Nr. 255.

REGLUGERÐ

um takmörkun á togveiðum fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Til 25. júlí 1976 eru allar togveiðar bannaðar á svæði fyrir Suðvesturlandi, sem að norðan markast af línu dreginni réttvísandi norðvestur frá Garðskagavita og að sunnan af línu dreginni réttvísandi 250° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við línu, sem dregin er milli Stafnesvita og Garðskagavita og að austan markast svæðið af landinu.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Arnmundur Backman.